



## Vorfundur Héraðsnefnd Árneseinga bs.

22. fundur haldinn í fjarfundi á Teams

18. maí 2021

### Fundarsetning á Teams kl. 8:15

Eyþór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

#### 1. Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árneseinga – fundargerðir

Eyþór H. Ólafsson, formaður, lagði fram fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 30 frá 7.04.2021, nr. 31 frá 27.04.2021 og nr. 32 frá 11.05.21 ásamt fundargerð aukafundar HÁ þann 25.2.2021.

Engar athugasemdir voru gerðar og þær samþykktar samhljóða.

#### 2. Tónlistarskóli Árneseinga – ársreikningur 2020

Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.

Kristín Magnúsdóttir, formaður stjórnar, fór yfir ársreikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

#### 3. Brunavarnir Árneseyslu – ársreikningur 2020

Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.

Eyþór H. Ólafsson, formaður stjórnar, fór yfir ársreikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Til máls tóku Gunnar Egilsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir.

#### 4. Brunavarnir Árneseyslu – Björgunarmiðstöð á Flúðum

Eyþór H. Ólafsson formaður fór yfir þarfagreiningu varðandi undirbúning að byggingu Björgunarmiðstöðvar að Flúðum í Hrunamannahreppi.

Til máls tóku Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Egilsson, Árni Eiríksson, Kristín Magnúsdóttir, Helgi Kjartansson, Helgi S. Haraldsson, Óttar Bragi Þráinsson og Ari B. Thorarensen.

## **5. Brunavarnir Árnessýslu – húsnæðismál á Laugarvatni**

Helgi Kjartansson fór yfir húsnæðismál Brunavarna á Laugarvatni. Bláskógabyggð áformar að nýta húsnæðið sem Brunavarnir eru í og því þörf á nýju húsnæði. Mikilvægt er að hafa slökkvibifreið á staðnum og því nauðsynlegt að finna framtíðarhúsnæði á Laugarvatni.

Til máls tóku Eyþór H. Ólafsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

## **6. Almanna- og velferðarmál Árnessýslu – ársreikningur 2020**

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Ásta Stefánsdóttir formaður stjórnar fór yfir ársreikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Framkvæmdaráð Almanna- og velferðarmála Árnessýslu leggur til við Héraðsnefnd Árneseinga að veitt verði úr sjóðum Almanna- og velferðarmála Árnessýslu allt að 1,5 millj.kr. í velferðarverkefni í Árnessýslu. Verkefnið er að efla þekkingu, verkferla og færni starfsmanna veðferðarþjónustunnar í Árnessýslu vegna almanna- og velferðarmálaástands og annara aðstæðna sem raska daglegu lífi skjólstaðinga velferðarþjónustunnar þannig að hefðbundnir verkferlar starfsmanna duga ekki til eða hætta skapast á að þjónusturof verði hjá velferðarþjónustu sveitarfélaga í Árnessýslu.

Ásta fór yfir tillöguna og greinargerð sem henni fylgir.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## **7. Héraðsskjalasafn Árneseinga – ársreikningur 2020**

Kjartan Björnsson, formaður stjórnar, fór yfir ársreikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

## **8. Listasafn Árneseinga – ársreikningur 2020**

Helgi S. Haraldsson, formaður stjórnar, fór yfir ársreikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Til máls tók Aldís Hafsteinsdóttir.

## **9. Byggðasafn Árnesinga – ársreikningur 2020**

Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.

Árni Eiríksson, formaður stjórnar, fór yfir ársreikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Til máls tók Kristín Magnúsdóttir

## **10. Búðarstígur 22, Eyrarbakka – staða framkvæmda**

Árni Eiríksson formaður stjórnar fór yfir stöðu framkvæmda við Búðarstíg 22. Framkvæmdir eru á lokametrunum. Stefnt er að því að ljúka flutningi á safnkosti og skrifstofu fyrir 30. júlí í sumar. Áætlanir vegna verksins munu ganga eftir.

Til máls tóku Eyþór H. Ólafsson, Kjartan Björnsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Ari B. Thorarensen.

## **11. Héraðsnefnd Árnesinga bs. – ársreikningur 2020**

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, fór yfir ársreikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

## **12. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga – tilboð um húsnæði**

Eyþór H. Ólafsson formaður fór yfir málið. Ákveðið var að bjóða verkið út og vann Efla öll gögn fyrir útboðið. Einungis eitt tilboð barst frá Akurhólum ehf. upp á 389 millj.kr. fullbúið húsnæði án húsgagna, afhendingartími í október 2022.

Til máls tóku Helgi Kjartansson, Kjartan Björnsson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Árni Eiríksson, Ari B. Thorarensen, Helgi S. Haraldsson og Gunnar Egilsson.

Tillaga framkvæmdastjórnar er að taka tilboði Akurhóla ehf. og er stjórn falið að semja við Akurhóla ehf. að fengnu samþykki aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar um að fara í verkefnið.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **13. Erindi frá uppsveitum vegna hjúkrunarheimilis**

Vinnuhópur sem samanstendur af fulltrúum þriggja sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og Hrunamannahrepp, óskar eftir stuðningi annarra sveitarfélaga í Árnessýslu við byggingu hjúkrunarheimilis í uppsveitum Árnessýslu.

Til máls tóku Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Kjartansson, Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Árni Eiríksson, Kristín Magnúsdóttir, Kjartan Björnsson og Njörður Sigurðsson.

Vorfundur Héraðsnefndar Árnessýslu haldinn 18. maí 2021 tekur undir nauðsyn þess að aldraðir á svæðinu geti búið sem næst sinni heimabyggð. Með uppbyggingu hjúkrunarheimilis í uppsveitum Árnessýslu er verið að styrkja þá stefnu. Ljóst er að þörf er fyrir hjúkrunarrými á svæðinu og þau nýju hjúkrunarrými sem eru að koma inn ná eingöngu að sinna þeirri bráðu þörf sem liggur fyrir nú þegar í dag. Vorfundur Héraðsnefndar vill ítreka nauðsyn þess að tryggj sé fjármagn til reksturs þeirra hjúkrunarrýma sem nú þegar eru á svæðinu eða í byggingu á svæðinu.

### **14. Málefni Alviðru – möguleg skipti landsins**

Smári Bergmann Kolbeinsson fór yfir stöðu mála og minnisblað frá Tryggva Felixsyni frá Landvernd varðandi uppskiptingu eignanna Alviðru og Öndverðarnes II.

Til máls tóku Eypór H. Ólafsson, Helgi S. Haraldsson, Árni Eiríksson, Helgi Kjartansson, Kristín Magnúsdóttir, Ari B. Thorarensen, Halldóra Hjörleifsdóttir, Kjartan Björnsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Framkvæmdastjórn er falið að vinna málið áfram.

### **15. Fablab – skýrsla um starfið**

Eypór H. Ólafsson fór yfir ársyfirlit 2020 frá FabLab Selfossi. Starfsemin gengur vel og er mikill áhugi á starfinu.

Til máls tók Helgi S. Haraldsson

**Fundi slitið kl. 10:55**

**Á fundinn mættu :**

Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Óttar Bragi Þráinsson	Bláskógabyggð
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur
Bjarni Þorkelsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Smári Bergmann Kolbeinsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Eyþór H. Ólafsson	Hveragerðisbær
Njörður Sigurðsson	Hveragerðisbær
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ari B. Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Gunnar Egilsson	Sveitarfélagið Árborg
Helgi Sigurður Haraldsson	Sveitarfélagið Árborg
Kjartan Björnsson	Sveitarfélagið Árborg
Klara Öfjörð Sigfúsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Tómas Ellert Tómasson	Sveitarfélagið Árborg
Jón Páll Kristófersson	Sveitarfélagið Ölfus
Kristín Magnúsdóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Þrúður Sigurðardóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir	Fjárhaldsmaður Héraðsnefndar